

1. Stefna skólans í eineltismálum

Einkunnarorð Grunnskólans á Ísafirði eru virðing, samhugur og menntun. Þessi hugtök eiga að endurspeglast í öllu starfi skólans. Markmið skólastarfsins er að hlúa að hverjum einstaklingi á viðeigandi hátt þannig að hann nái að eflast og þroskast á öllum sviðum. Einnig að skapa hvetjandi og gott starfsumhverfi fyrir nemendur og starfsfólk. Mikil áhersla er lögð á víðsýni og að nemendur taki þátt í að skapa réttlátt samfélag fyrir alla. Viðbragðsáætlun skólans byggir á ofangreindu og miðar að því að fyrirbyggja einelti og andfélagslega hegðun og leiðum til að bregðast við slíkri hegðun. Allt starfsfólk skólans leggur sig fram um að vinna í anda áætlunarinnar enda hafa starfsmenn sett sér siðareglur þar sem meðal annars kemur fram að starfsfólk GÍ vinni að því að efla þroska nemenda, fræða þá og leiðbeina um jákvæða samskiptahætti og ábyrga framkomu.

Skólinn einn og sér mun þó aldrei geta tekið á þeirri vanlíðan sem fylgir því að vera lagður í einelti eða stuðlað að uppbyggingu samfélags þar sem einelti er ekki samþykkt. Hér verða heimilin og samfélagið allt að koma að og því leitar skólinn eftir því að eiga gott samstarf við alla þá er koma að börnunum.

Kjarninn í viðbragðsáætlun skólans er uppbyggingarstefnan – Uppeldi til ábyrgðar, sem skólinn hefur unnið eftir frá árinu 2006. Markmiðið með uppbyggingarstefnunni er að byggja upp sjálfsaga hjá nemendum og koma því til leiðar að þeir vilji haga sér vel til að þess að vera ánægðir með sjálfa sig, en ekki til þess að forðast refsingu eða hljóta umbun. Mikil áhersla er lögð á að nemendur velti fyrir sér spurningunni: Hvernig manneskja vil ég vera? Það er mikilvægt að hver og einn finni til ábyrgðar á hegðun sinni og sjái tilgang í því að koma vel fram, hvort sem einhver sér til hans eða ekki.

Við vinnslu áætlunarinnar var leitað í smiðju Grunnskólans í Sandgerði.

2. Hlutverk

2.1 Eineltisteymi og umsjónarmaður

Nemendaverndarráð er einnig eineltisvarnarteymi. Í teyminu (nemendaverndarráði) eiga sæti skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri unglíngastígs, deildarstjóri sérkennslu, námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur og starfsmaður skólasviðs. Umsjónarmaður teymisins er námsráðgjafi. Umsjónarmaður er með sýn yfir stöðu bekkja skólans og passar upp á að tengslakannanir séu lagðar fyrir alla bekki og að bekkjarfundir séu haldnir að minnsta kosti aðra hverja viku í 1.-7. bekk og að minnsta kosti einu sinni í mánuði á unglíngastígi.

Hlutverk eineltisteymis er:

- að fara yfir tilkynningar um einelti og fylgja málum eftir
- sjá til að umsjónarkennari fari eftir verkáætlun ef grunur um einelti kemur upp
- vera umsjónarkennara til aðstoðar
- upplýsa annað starfsfólk um eineltismál

- skipuleggja dag gegn einelti og aðra viðburði tengda vitundarvakningu um einelti.

2.2 Skólinn og starfsmenn hans

Starfsfólk GÍ á að láta sig alla nemendur skólans varða og hafa afskipti af þeim þegar ástæða er til, sérstaklega ef starfsfólkið verður vitni að einelti eða annarri andfélagslegri hegðun. Starfsfólk á að geta metið stöðuna hverju sinni og tekið á málum ef þau eru þess eðlis að hægt sé að leysa á staðnum. Ef það er ekki hægt á starfsfólk að leita til umsjónarkennara, umsjónarmanns eineltisteymis eða skólastjórnenda.

2.3 Nemendur

Skólinn starfar í anda Uppbyggingarstefnunnar sem hefur það meginmarkmið að kenna nemendum leiðir til að stjórna hegðun sinni og hvernig þeir eiga að taka ábyrgð á eigin námi. Stefnan segir að hver einstaklingur geti í raun aðeins stjórnað sjálfum sér og beri því ábyrgð á sjálfum sér en geti ekki sagt að öðrum sé um að kenna, að nemendur beri ábyrgð á eigin hegðun og því hvernig þeir komi fram við aðra nemendur og starfsfólk skólans og verði þannig þær manneskjur sem þeir vilja vera. Nemendur ræða hvað þeir telji mikilvægast í samskiptum í sínum bekk og búa þannig til bekkjarsáttmála eða nokkurs konar bekkjarreglur.

Þrátt fyrir að hér sé öll áhersla lögð á að kenna börnunum sjálfsaga, að bera ábyrgð á sinni eigin hegðun, verður kennarinn að hafa úrræði þegar út af bregður og nemendur sýna óásættanlega hegðun af einhverju tagi, sem ekki er hægt að horfa fram hjá. Þá flytur hann sig niður á reglustjórn, en heldur ávallt opinni leið til uppbyggingar.

Allir nemendur í skólanum fá reglulega fræðslu um einelti. Umsjónarkennarar hafa bekkjarfundi reglulega í bekkjum sínum, hálfsmánaðarlega eða oftari í 1.-7. bekk og að minnsta kosti mánaðarlega á unglingsstigi.

Umsjónarkennarar leggja fyrir tengslakannanir í bekkjunum tvisvar á skólaári og oftari ef þörf er á. Mikil áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í að vinna í hópum og sýna hver öðrum tillitssemi, sveigjanleika og umburðarlyndi.

2.4 Heimili

Starfsfólk skólans óskar eftir samstarfi heimla við að sporna gegn einelti og andfélagslegri hegðun. Foreldrar fá að hausti kynningu á áætluninni og ef við á eru sérstakir foreldrafundir þar sem rætt er um hvernig skólinn og heimilin geta hjálpast að við að leysa eineltismál.

Starfsfólkið óskar eftir því að foreldrar

- Eigi góð samskipti við foreldra bekkjarfélaga barna sinna
- Séu jákvæðir til samstarfs
- Geri tilraun til að taka á eineltismálum sem koma upp heima eða utan skóla
- Komi upplýsingum um einelti sem þeir verða varir við til réttra aðila

3. Skilgreiningar og verkefni

3.1 Einelti

Einelti er neikvætt og illgirnislegt atferli sem felur í sér endurtekið áreiti og/eða ofbeldi, líkamlegt eða andlegt. Andlegt ofbeldi felst m.a. í stríðni, útilokun, hótunum eða höfnun, þar með talið einelti á Netinu. Líkamlegt einelti getur verið barsmíðar, spörk, hrindingar eða meiðingar af öðru tagi. Eineltinu er stýrt af einstaklingi eða hópi, beinist að öðrum og stendur í nokkurn tíma. Slík samskipti einkennast af ójafnvægi aflsmunar eða annars valds.

3.2 Sá sem verður fyrir einelti

Einstaklingur sem er lagður í einelti þarf hjálp, stuðning og leiðsögn til að öðlast bættu sjálfsmynd.

3.3 Sá sem leggur í einelti

Stöðva þarf andfélagslega hegðun þeirra sem leggja í einelti og aðstoða þá með bættum sjálfsaga til bættrar hegðunar.

3.4 Bekkjarsáttmáli

Allir nemendur ræða hvað þeir telja mikilvægast í samskiptum í sínum bekk og búa þannig til bekkjarsáttmála.

3.5 Tengslakannanir

Umsjónarkennarar leggja fyrir tengslakannanir í bekkjunum sínum tvisvar á skólaári og oftár ef þurfa þykir. Ef kennara grunar að einelti eigi sér stað í sínum nemendahóp getur hann alltaf lagt fyrir tengslakönnun í bekknum sem gæti gefið vísbendingar um stöðu hópsins. Umsjónarmaður eineltisteymis fer yfir kannanir eða niðurstöður til að meta félagslega líðan og stöðu innan hópsins.

3.6 Bekkjarfundir

Bekkjarfundir eru að minnsta kosti hálfsmánaðarlega í 1.-7. bekk og að minnsta kosti mánaðarlega á unglingsstigi. Bekkjarfundirnir eru með fyrirfram ákveðnu formi þar sem nemendur sitja í hálfhring og kennarinn er fundarstjóri. Fundarreglur eru fyrirfram ákveðnar en þær eru:

- Við réttum upp hönd ef við viljum fá orðið
- Allir hafa leyfi til að tjá sig
- Við leyfum fólki að ljúka máli sínu án þess að grípa fram í
- Við getum verið ósammála án þess að vera óvinir eða nota ljót orð

3.7 Eineltishringur

Eineltishringurinn er útskýringarmynd með orðskýringum. Allir nemendur eiga að þekkja eineltishringinn og geta staðsett sjálfa sig innan hans.

3.8 Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er úrtakskönnun sem lögð er fyrir fjórum sinnum á skólaárinu og í lok skólaársins hafa allir nemendur í 6.-10. bekk tekið könnunina. Skólapúlsinn mælir ýmsa þætti

hjá nemendum, svo sem ánægju af lestri, vellíðan, sjálfsálit, samsömun við nemendahópinn og einelti. Stuðst er við niðurstöður til að vinna að úrbótaáætlun skólans ár hvert.

4. Grunur um einelti – tilkynningar og úrvinnsluferli

Einelti, í hvaða mynd sem það er, líðst ekki í Grunnskólanum á Ísafirði. Allra leiða verður leitað til að fyrirbyggja einelti og til að leysa þau mál sem upp koma. Ávallt skal gæta trúnaðar í meðferð eineltismála. Mikilvægt er að allir sem hafa grun eða vitneskju um eineltismál tilkynni það strax til skólans. Á heimasíðu skólans má finna eyðublað, til að láta vita af einelti.

Ef grunur vaknar um að einelti sé í gangi skal umsjónarkennari þolanda hefja úrvinnslu.

4.1 Einstaklingsviðtöl við þolanda

1. Umsjónarkennari ræðir einslega við nemandann á rólegum stað.
2. Aðrir nemendur eiga ekki að hafa vitneskju um þetta viðtal.
3. Umsjónarkennari biður þolanda (og forráðamenn) um allar staðreyndir (hverjir, hvar, hve oft, hve lengi).
4. Þolandi fær allar upplýsingar um það hvað umsjónarkennari hyggst gera til að binda endi á eineltið.
5. Umsjónarkennari segir þolanda að ekki séu gefnar upplýsingar um að hann hafi sagt frá (og umsjónarkennari má ekki brjóta þann trúnað).
6. Umsjónarkennari biður þolanda (og forráðamenn) um að segja umsvifalaust frá öllum nýjum tilraunum til eineltis.
7. Umsjónarkennari kemur á ákveðnu samskiptaformi á milli forráðamanna og umsjónarkennara um gang mála meðan unnið er með eineltið.
8. Leysist málið ekki með þessum aðgerðum vísar umsjónarkennari málinu inn í nemendaverndarráð/eineltisteymi.
9. Nemendaverndarráð/eineltisteymi tekur málið upp og leitar aðstoðar sérfræðinga ef málið leysist ekki.

4.2 Einstaklingsviðtöl við gerendur

1. Umsjónarkennari sem nú hefur vitneskju um hver/hverjir eru gerandi/gerendur ræðir við hann/þá í einrúmi ásamt foreldrum.

2. Þurft getur (mat umsjónarkennara) að hafa einhvern fullorðinn með (t.d. námsráðgjafa eða deildarstjóra) sérstaklega ef búist er við því að hann/þeir verði erfiðir.
3. Umsjónarkennari ætti að ræða við þann sem er leiðtogi í eineltinu (þannig er það oftast að einhver er leiðtoginn) fyrst og síðan koll af kolli. Hafa skal sem allra stystan tíma milli viðtala.
4. Umsjónarkennari gerir geranda/gerendum það ljóst að einelti er ekki liðið í skólanum og fer með honum/þeim yfir reglur skólans gegn einelti.
5. Umsjónarkennari segir að margir héðan og þaðan hafi sagt frá því að þolandi verði fyrir áreitni. Gott að vera með sögur um þetta ákveðna einelti til staðfestingar.
6. Leysist málið ekki með þessum aðgerðum vísar umsjónarkennari málinu til nemendaverndarráðs/eineltisteymis.
7. Nemendaverndarráð/eineltisteymi tekur málið upp og leitar aðstoðar sérfræðinga ef málið leysist ekki.

Það MIKILVÆGASTA í viðtali við gerendur er:

- Að sýna gerendum fram á að staða málsins sé þekkt
- Boðskapurinn um að það eigi að hætta eineltinu er settur fram af alvöru og ákveðni
- Gerendum er sagt frá því að fylgst verði með frekari þróun málsins
- Gerendum sagt að það hafi neikvæðar afleiðingar í för með sér ef eineltið hættir ekki strax

4.3 Skráningar og varðveisla gagna

Öll mál sem koma upp er varða ákveðna einstaklinga eru skráð á tilkynningarblað og verkskjal. Það skal einnig skrá í dagbók í Mentor undir nafni þess einstaklings sem málið varðar. Gæta skal fyllsta trúnaðar við skráningar.

5. Eyðublöð

1. Vinnuferli í máli þolanda

Þolanda er gerð grein fyrir því að einelti er ekki liðið í Grunnskólanum á Ísafirði. Hann hefur fullan stuðning kennara, starfsfólks og stjórnenda. Hann á rétt á því að fá aðstoð frá námsráðgjafa eða hjúkrunarfræðingi. Þolandi skal vera hughreystur og upplýstur um ferlið sem fer af stað.

Rætt er við þolanda. Hvernig líður honum? Hér er honum gerð grein fyrir því að hann á rétt á stuðningi og tryggja skal að þolandi geti sagt frá ef eineltið heldur áfram. Hér er mikilvægt að skrá nöfn og helstu atriði viðtalsins.

Dags. _____

Ath. endurtekin viðtöl við þolanda geta verið nauðsynleg.

Foreldrar þolanda eru upplýstir um gang mála. Símtal/samtal

Dags. _____ Dags. _____ Dags. _____

Umsjónarkennari þarf að meta aðstæður um hvort betra sé að kalla foreldra á fund, hann getur þá fengið aðstoð á fundinum frá skólastjórnendum, eineltisteymi eða umsjónarmanni eineltismála.

2. Vinnuferli í máli gerenda

Geranda er gerð grein fyrir því að einelti er ekki liðið í Grunnskólanum á Ísafirði. Mikilvægt er að nemandi sé gerð grein fyrir afleiðingum gjörða sinna og að haft verði samband við foreldra hans. Nemandi á að vera það ljóst að starfsmenn skólans munu nú fylgjast sérstaklega með honum.

Rætt er alvarlega við geranda. Honum er gerð grein fyrir því að hann skuli hætta skilyrðislaust að leggja í einelti. Mikilvægt er að ef um fleiri en einn geranda er að ræða, að tala einslega við hvern og einn. Skráið nöfn, dagsetningu og helstu atriði viðtals.

Dags. _____

Ath. endurtekin viðtöl við þolanda geta verið nauðsynleg.

Foreldrar þolanda eru upplýstir um gang mála. Símtal/samtal

Dags. _____ Dags. _____ Dags. _____

Umsjónarkennari þarf að meta aðstæður um hvort betra sé að kalla foreldra á fund, hann getur þá fengið aðstoð á fundinum frá skólastjórnendum, eineltisteymi eða umsjónarmanni eineltismála.

3. Vinnuferli með bekknum

Bekkjarfundir um framkomu, samskipti og einelti. Rætt er við nemendur um eineltishringinn, samstöðu og bekkjaranda.

Tengslakönnun lögð fyrir bekkinn, unnið úr henni strax og niðurstöður kynntar fyrir foreldrum.

Klípusögur og hlutverkaleikir eru góð verkfæri til að vinna með umræðu um einelti.

Til að efla bekkjaranda og samstöðu í bekknum, getur umsjónarkennarr leitað eftir aðstoð hjá umsjónarmanni eineltisteymis og skólastjórnenda.

Stutt greining á því hvernig bekkjarfundur gekk. Hvað ætlar kennari að gera næst? Hvar staðsettu nemendur sig á eineltishringnum? Hvernig leið nemendum almennt? Hafa þeir orðið vitni að einelti?

Umsjónarkennari þarf að meta ástandið. Ef þolandi er útilokaður af bekkjarhópnum í heild er mikilvægt að halda strax foreldrafund um eineltið í samstarfi við foreldra þolenda.

4. Eftirfylgni

Eftirfylgnin er mikilvæg, það skal fara strax í að ræða aftur við þolanda/geranda eftir viku. Að vera í reglulegu sambandi við þolanda gefur skýra mynd hvort líðan hans sé betri eða í sama fari. Það sama á við um geranda.

Eftir viku skal aftur tekið viðal við þolanda, hvernig gengur?

Aftur er haft samband heim og rætt um framvindu mála. Skráið dagsetningu og helstu atriði samtalsins. _____

Viðtal við geranda/gerendur, hvernig gengur?

Aftur er haft samband heim og rætt um framvindu mála. Skráið dagsetningu og helstu atriði samtalsins. _____

Hvað ef eineltið hættir ekki?

Fundur með foreldrum, bæði foreldrum þolanda og geranda. Öll fyrri gögn um eineltismálið eru tekin fyrir á nemendaverndarráðsfundi. Málið er þá komið í hendur stjórnenda sem ákveða um framhald málsins.

5. Ferlið

1. Tilkynning, umsjónarkennari lætur eineltisteymið vita og fær ráðleggingar með vinnuna.
2. Umsjónarkennari ræðir einslega við þolanda.
3. Umsjónarkennari hringir í foreldra þolanda og gerir þeim grein fyrir að málið sé komið í vinnslu.
4. Umsjónarkennari ræðir einslega við geranda/gerendur.
5. Umsjónarkennari hringir í foreldra geranda og þeir upplýstir um málið.
6. Umsjónarkennari hefur samband við námsráðgjafa/skólastjórnendur ef hann þarf aðstoð með málið.
7. Umsjónarkennari upplýsir aðra kennara/starfsfólk sem koma að viðkomandi nemendum og tryggir að vel sé fylgst með.
8. Bekkjarfundur um framkomu, samskipti og einelti.
9. Tengslakönnun.
10. Eftirfylgni.